



Ársskýrsla 2024

Störf og verkefni aðgengisfulltrúa Reykjavíkur á árinu 2024





1. Markmið verkefnanna árið 2024

Úrbætur í aðgengismálum sem áttu sér stað á árinu 2024 höfðu það að markmiði að bæta aðgengi í byggingum og á opnum svæðum borgarinnar. Það er í samræmi við aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2030. Stefnan hefur það að markmiði að tryggja að allir borgarbúar og gestir Reykjavíkur geti notið jafns aðgengis, óháð aðgengispörfum.

Helstu markmið aðgengisstefnunnar eru:

- Að bæta aðgengi að eldra húsnæði borgarinnar og tryggja að allar nýframkvæmdir á vegum borgarinnar uppfylli kröfur um algilda hönnun.
- Að bæta aðgengi í borgarlandinu með áherslu á gönguleiðir, almenningssamgöngur og leiksvæði.
- Að tryggja að þjónusta og viðburðir borgarinnar séu aðgengilegir fyrir öll.
- Að koma á stafrænum lausnum og upplýsingagjöf sem mæta þörfum fatlaðs fólks og annarra með sérþarfir.
- Að auka vitund starfsfólks borgarinnar um mikilvægi aðgengismála með fræðslu og þjálfun.

Í aðgerðaráætlun aðgengisstefnunnar eru sett fram þrjú meginmarkmið og undir þau eru settar fram ýmsar aðgerðir til að framkvæma stefnuna.

1. **Aðgengi að húsnæði – ellefu aðgerðir**, þ.m.t. að merkja tröppunef í byggingum borgarinnar, setja upp talgervla í lyftum og tryggja að unnið sé eftir gátlistum við hönnun og framkvæmdir.
2. **Aðgengi að borgarlandi – átta aðgerðir**, þ.m.t. að við endurnýjun leiksvæða sé tryggt að unnið sé eftir hugmyndafræði algildrar hönnunar og aðgengi að biðstöðvum strætó sé endurbætt.
3. **Aðgengi að þjónustu og viðburðum – fimm aðgerðir**, m.a. að gefa út gátlista um aðgengismál í tengslum við viðburði á vegum borgarinnar og að haft verði samráð við hagsmunafélög fatlaðs fólks þegar loka þarf götum.
4. **Aðrar aðgerðir – þrjár aðgerðir**, s.s. að veita aðgengisviðurkenningu og að ráða aðgengisfulltrúa til borgarinnar.

Alls er um að ræða 27 aðgerðir og er mörgum þeirra lokið og aðrar eru í vinnslu. Á árinu 2025 er stefnt að því að hefja vinnu við að endurskoða aðgerðaráætlunina.





2. Verkefni unnin árið 2024

Á árinu 2024 var unnið að fjölmörgum verkefnum sem miðuðu að því að bæta aðgengi í Reykjavík. Verkefnin voru fjölbreytt og náðu yfir framkvæmdir, stefnumótun, samskipti og ráðgjöf. Aðgengisfulltrúi lagði einnig mikla áherslu á að byggja upp öflugt samstarf og byggja brýr á milli ólíka aðila.

Bílastæði fyrir fatlaða

- **Bjarkargata:** Þrjú ný bílastæði sett upp við suðurenda Bjarkargötu til að bæta aðgengi að Hljómskálagarði, en þar eru m.a. haldnir fjölmargir viðburðir.
- **Brekkuhús 1:** tvö bílastæði voru sett upp á borgarlandi, en Gigtarfélagið er m.a. með starfssemi í húsinu.
- **Leikskólinn Heiðarborg:** bílastæði fatlaðra endurbætt.
- **Rauðaborg:** Upphækkað og upphitað bílastæði fyrir fatlaða gert við skólann.
- **Ártúnsskóli:** lokafrágangur á nýju upphituðu og upphækkuðu bílastæði fatlaðra á skólalóð skólans, sem var að mestu framkvæmt á árinu 2023.

Grunnskólar

- **Háteigsskóli:** Miklar umbætur voru gerðar í skólanum vegna fatlaðs nemanda sem hóf nám haustið 2024.
 - Uppsetning á stálrampi við aðalinngang og niður á litlu lóð, austan megin við skólann.
 - Tvær vegglyftur settar við innitröppur.
 - Rafopnun sett á aðalinngang.
 - Rafopnun og dyrum snúið við útgang út á litlu lóð.
 - Salerni yfirfarið og búið nauðsynlegum búnaði.
 - Breytingar á kennslueldhúsi.
 - Minni rampar settir yfir þröskulda útidyrhurða.
 - Nýtt aðgengilegt leiktæki (hringekja) sett upp á litlu lóð.
 - Aðgengi að frístundarhúsnæði (Halastjarnan) stórbætt.
- **Húsaskóli:** Handrið sett upp í stiga vegna fatlaðs nemanda í skólanum.





- **Vesturbæjarskóli:** Handrið sett upp víðsvegar á skólalóðinni og í stigahúsum skólans, vegna fatlaðs nemanda sem hóf nám haustið 2024.
- **Ísaksskóli:** Rafopnun og lyfta sett upp til að bæta aðgengi í skólanum, m.a. vegna fatlaðs foreldris.
- **Laugarnesskóli:** Rampar settir yfir þröskulda innan dyra og út á skólalóð, vegna fatlaðs nemanda sem hóf nám í skólanum.
- **Fellaskóli:** Rafopnun á aðalinngang.

Bætt aðgengi í borgarlandinu

- **Kolagata/Kalkofnsvegur:** Fjarlægja lága stólpa sem fólk var að hrasa um á gangstétt og setja blómaker í staðin.
- **Vonarstræti við Ráðhús:** Setja niður blómaker sitthvoru megin við gangbraut til að tryggja að hópferðarbílar hindri ekki aðgengi yfir gangbrautina.
- **Bryggjuhverfi:** Fjarlægja steypar kúlur á göngustígum meðfram götu sem fólk var að hrasa um.
- **Borgir, félagsmiðstöð aldraðra - Spöngin 43:** Stólpar við bílastæði málaðir til að auka sýnileika.
- **Fyrir framan stúkuna í Laugardal:** Stólpar málaðir til að auka sýnileika.

Leikskólar

- **Klettaborg:** Uppfærð skiptiaðstaða á salerni vegna fatlaðs nemanda.
- **Nóaborg:** Hjálpartæki sett upp til að bæta aðgengi fyrir fatlaðan nemanda.
- **Austurborg:** Rafopnun á inngangshurð vegna fatlaðs nemanda.
- **Heiðarborg:** Rafopnun á inngangshurð vegna fatlaðs foreldris.
- **Bakkaborg:** Saga neðan af hurðum í tengslum við gerð rampa við alla innganga skólans.
- **Suðurborg:** Handrið málað og tröppunef merkt í tröppum upp á efri hæð hússins.

Frístund

- **Dalheimar í Laugardal:** Rafopnun á inngangshurð, rampar yfir þröskulda og bætt salernisaðstaða vegna fatlaðs nemanda í Laugarnesskóla.





- **Hraunheimar í efra-Breiðholti:** Gerð aðgengisúttekt og endurhönnun á húsnæðinu í kjölfar hennar, vegna fatlaðs nemanda í Fellaskóla. Framkvæmdir hefjast sumarið 2025.
- **Halastjarnan við Háteigsskóla:** Aðgengilegar gönguleiðir (rampur) upp að húsnæðinu.
- **Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla:** Handrið í tröppur untandyr.
- **Sólbúar við Breiðagerðisskóla:** Gerð aðgengisúttekt vegna fyrirhugaðra framkvæmda í húsinu.

Ýmis verkefni

- **Gröndalshús:** Umbætur gerðar í borgarlandi við húsið.
- **Iðnó:** færánleg lyfta til þess að bæta aðgengi upp á svið.
- **Árbæjarsafn:** bætt aðgengi að Dillonshúsi.
- **Sjóminjasafn:** rafopnanir á hurðar innandyr s.s. að salernum.
- **Ráðhús Reykjavíkur:** Navilens kóðar settir upp til að bæta aðgengi sjónskerta.
- **Matjurtarkassar:** Hönnun og þróun á aðgengilegum matjurtarkössum. Verða settir upp á árinu 2025 í tengslum við Hverfið mitt verkefni og við valda þjónustukjarna eldri borgara.
- **Ylströndin við Nauthólsvík:** Loksins hafist handa við að byggja sérklefa í þjónustuhúsinu.
- **Fjölskyldu- og húsdýragarður:** Aðgengisúttekt gerð á garðinum. Salerni húsdýragarðsmegin voru endurbætt og hurðir á þeim léttar. Fyrirhugaðar framkvæmdir við salerni fjölskyldugarðsmegin á árinu 2025.

Leiðbeiningar

- **Gerð leiðbeininga og gátlista fyrir hönnuði leiksvæða:** Settar voru saman leiðbeiningar og gátlistar til að tryggja aðgengi fyrir öll að við hönnun á leiksvæðum. Leiðbeiningarnar verða kynntar á árinu 2025.
- **Uppfærsla prinsipteikninga fyrir leiðarlínur og áherslusvæði:** Unnið að uppfærslu á hönnunarleiðbeiningum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar vegna niðurtekta og þverana á umferðargötum og stígum. Í samstarfi við Vegagerðina var Berglind Hallgrímsdóttir hjá EFLU, fengin til að uppfæra hönnunarleiðbeiningar og samræma útfærslur. Ráðgjöf og athugasemdir voru fengnar frá fulltrúum Sjónstöðvarinnar og Blindrafélagsins.



Rýni á hönnun

Aðgengisfulltrúi var með ráðgjöf og rýni á fjölmörgum verkefnum borgarinnar sem eru á hönnunarborðinu. Verklagið um það hvernig aðgengisfulltrúi kemur að þeim verkefnum er að mótask á þá leið að hann situr alla startfundi hönnunar, kemur inn til ráðgjafar á hönnunartíma og fær svo lokahönnun til endanlegrar rýni. Meðal verkefna sem voru skoðuð eru:

- **Byggingar á vegum borgarinnar:** Stakkaborg, Vörðuborg, „KSÍ-borg“, Suðurborg-lóð, Halastjarnan, Hjarta Ráðhússins, tillaga að lokuðum strætóskýli, gangstétt og strætóskýli við JL-hús, saunaklefar í Vesturbæjarlaug, Grófarhús o.m.fl.
- **Borgarlínan:** Sett var upp líkan í fullri stærð af borgarlínustöð í þjónustuverinu í Borgartúni. Aðgengisfulltrúi kom á tveimur rýnifundum með hönnuðum og verkefnastjórnnum borgarlínunnar við sérfræðinga og fulltrúum notenda frá ÖBÍ, Blindrafélaginu og Sjónstöðinni.

Skipulagning og áætlanagerð í samræmi við aðgengisstefnu borgarinnar:

- **Gerð áætlunar um talgervla í lyftur:**
 - Í samræmi við aðgerð 1.6 í aðgerðaráætluninni hófst vinna við áætlun um uppsetningu talgervla í húsnæði borgarinnar.
- **Merkingar með punktalettri og NaviLens:**
 - Vinna hófst við áætlun um að bæta merkingar í stofnunum borgarinnar, í samræmi við aðgerð 1.5.
- **Fjármögnun aðgengisbætandi aðgerða:**
 - Umsóknir voru sendar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að fjármagna framkvæmdir sem þegar höfðu verið gerðar. Jöfnunarsjóður veitir fjárstyrk til sveitarfélaga með þeim hætti að hann greiðir allt að 50% af framkvæmdakostnaði verkefna sem bæta aðgengi í byggingum og á götum, stígum og opnum svæðum sveitarfélagsins.





Römpum upp Ísland

Aðgengisfulltrúi var tengiliður Reykjavíkurborgar við forsvarsmenn verkefnisins *Römpum upp Ísland*, sem skilaði miklum árangri:

- Á árinu 2024 voru settir upp um 200 rampar við leikskóla, grunnskóla og þjónustustofnanir í Reykjavík.
- Aðgengisfulltrúi átti fjölmörg og uppbyggileg samskipti við teymi *Römpum upp Ísland*, þar sem lögð var áhersla á samstarf og lausnamiðaða nálgun.





3. Samstarfsaðilar

Verkefni aðgengisfulltrúa árið 2024 voru fjölbreytt og mörg þeirra kröfðust útsjónarsemi og góðrar samvinnu við marga aðila. Það er augljóst fyrir flest sem starfa við verkefnastjórnun að góð samskipti og tengsl, stuðla að framgangi verkefna og skila betri lausnum.

Mikilvægt hlutverk aðgengisfulltrúans fólst í að vera tengiliður milli margra ólíkra aðila innan og utan borgarkerfisins. Í stað þess að kalla þessi samskipti vinnuhópa væri meira lýsandi að tala um „vinahópa“ þar sem unnið er út frá jákvæðum samskiptum á vinalegum nótum.

Meðal aðila sem aðgengisfulltrúi vann að ýmsum verkefnum með á árinu 2024 voru:

Skrifstofur og deildir innan borgarkerfisins:

- **Skrifstofa framkvæmda og viðhalds á USK:** aðgengisfulltrúi heyrir undir skrifstofustjóra SFV. Hann hefur gott aðgengi að deildarstjórum, verkefnastjórum og fasteignastjórum skrifstofunnar, sem stýra hönnun, framkvæmdum og eftirliti við:
 - nýbyggingar á vegum borgarinnar
 - endurbætur á byggingum borgarinnar
 - gerð stíga og gatna borgarinnar
 - uppbyggingu og endurgerð á lóðum og opnum svæðum borgarinnar.
- **Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa:** aðgengisfulltrúi situr fundi Aðgengis- og samráðsnefndar fatlaðs fólks í Reykjavík, sem á árinu 2025 var sameinuð við Mannréttindaráð. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fylgir m.a. eftir ákvörðunum mannréttindaráðs og til þess að auka og bæta samskipti aðgengisfulltrúa við skrifstofuna, þá situr hann einn dag í viku á skrifstofunni.
- **Fjármáladeild USK:** aðgengisfulltrúi vinnur með fjármálastjóra m.a. við fjárhagsáætlanagerð og gerð umsókna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, vegna mótframlags ríkisins við aðgengisbætandi aðgerða á vegum borgarinnar.
- **Mannauðsskrifstofa USK:** aðgengisfulltrúi situr í starfshópi á vegum skrifstofunnar og fjármáladeildar, sem gerir jafnréttismat og skimanir í tengslum við Kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð á USK.





- **Samgöngustjóri og borgarhönnun á USK:** aðgengisfulltrúi vinnur með verkefnastjórum skrifstofunnar m.a. þeim sem sjá um bílastæði fyrir hreyfihamlaða, gönguljós, strætóbiðstöðvar og stíga- og gatnahönnun. Umferðaröryggismál eru einnig mikið rædd. Þá eru einnig mikil samskipti við borgarhönnuði vegna ýmissa verkefna, stórra (t.d. Hlemmur) sem smárra (hönnun stólpa).
- **Skrifstofa borgarlandsins á USK:** samskipti við fjölmarga aðila m.a. vegna *Römpum upp* verkefnisins, ýmissa garðyrkjuverkefna og hreinsunar gatna og stíga s.s. snjómokstur.
- **Skrifstofa umhverfisgæða á USK:** rýni og samskipti vegna rekstrar og hönnunar á grenndarstöðvum og staðsetningu djúpgáma við fjölbýlishús. Einnig við starfsfólk Grasagarðsins varðandi hönnun og uppsetningu á aðgengilegum matjurtarkössum.
- **Eignaskrifstofa á FAS:** samskipti, rýni og leiðbeiningar vegna kaupa, leigu og hönnunar á húsnæði s.s. stækkun á leikskólanum Múlaborg í Ármúla 6 og leigu á húsnæði í Skeifunni 8 fyrir fatlaða.
- **Verkefnastofa á USK:** haldin var kynning á starfi aðgengisfulltrúa og aðgengisstefnu Reykjavíkur. Komið að rýni á hönnunargögnum t.d. vegna Ártúnshöfða.
- **Skóla- og frístundasvið:** aðgengisfulltrúi var í miklum samskiptum við verkefnastjóra á SFS á árinu 2024 m.a.:
 - vegna aðgengisbætandi framkvæmda sem ráðast var í vegna fatlaðra nemenda, aðstandenda eða starfsfólks.
 - vegna endurgerðar og nýbygginga á leik- og grunnskólahúsnæði, ásamt frístundahúsnæði og lóðunum í kring.
 - vegna verkferla við starfsleyfisveitingu þeirra sem reka einkarekna grunn- og leikskóla s.s. Hjallastefnan og Landakotsskóli, þ.e. þegar viðkomandi taka á leigu húsnæði og hyggjast nýta það undir skólastarf en húsnæðið er ekki aðgengilegt.
- **Velferðarsvið:** haldin var kynning á starfi aðgengisfulltrúa og aðgengisstefnu Reykjavíkur. Fjölbreytt samskipti við verkefnastjóra þjónustu við fatlaða og verkefnastjóra þjónustu við aldraða.
- **Menningar- og íþróttasvið:** Regluleg og góð samskipti við starfsfólk sviðsins hvort sem um er að ræða vegna sundlauga, fjölskyldu- og húsdýragarðinn, ylströndina, borgarsögusafn eða aðra starfstaði sviðsins.



- **Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara:** Góð samskipti við viðburðarteymi SBB t.d. í tengslum við Menningarnótt og fleiri uppákomur. Skynrými í safnaðarheimili Fríkirkjunnar, bílastæði fyrir fatlaða og fyrirkomulag og aðgengi á uppákomum. (s.s. við Hallgrímskirkju við upphaf viðburða) Samtal við Lögreglu og ÖBÍ.
- **Skrifstofa borgarstjórnar:** Rýni á nýjum aðgengilegum kjörklefum sem voru notaðir á nokkrum stöðum í alþingiskosningunum haustið 2024.

Ytri samstarfsaðilar:

- **ÖBÍ (Öryrkjabandalag Íslands):** Aðgengisfulltrúi hefur haft mikið og gott samstarf við aðgengishóp ÖBÍ, haldið kynningar, svarað fyrirspurnum og leyst úr ýmsum málum.
- **Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Æfingastöðin:** Samstarf í aðgengismálum fyrir fatlaða einstaklinga og skjólstæðinga Æfingastöðvarinnar. Þar vinna bæði iðjupjálfarar og sjúkrapjálfarar, sem hafa ráðlagt með lausnir og komið á framfæri upplýsingum um þörf á úrbótum. Samstarf hófst í sambandi við úrbætur vegna fatlaðs nemanda í Háteigsskóla.
- **Blindrafélagið og Sjónstöðin:** Bjóða uppá sérhæfða ráðgjöf í verkefnum sem snúa að sjónskertum og blindum. Aðgengisfulltrúi hefur oft leitað eftir ráðleggingum og upplýsingum vegna aðgengisbætandi aðgerða fyrir sjónskertra.
- **Römpum upp Ísland:** Samstarf við uppsetningu um 200 rampa. Fjölmarginir fundir og samtöl vegna undirbúnings og hönnunar rampa í borginni. Einnig umsýsla og eftirlit á framkvæmdatíma.
- **Vegagerðin og EFLA:** Gerð uppfærslu/viðauka á hönnunarleiðbeiningum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar á götum og stígum. Samræma þurfti hönnunarútfærslu á niðurtektum og þverunum.
- **Lögreglan:** samtöl og ráðleggingar m.a. vegna lokunar gatna með blómakerjum og umferðarpollum/stólpum, eða fjarlægingar á þeim.
- **Borgarlínan:** samskipti og rýni á hönnun vegna borgarlínustöðva, tengiliður við notendur og rýni með þeim.
- **Félagsbústaðir:** fundir ásamt verkefnastjórum VEL vegna Hlemms 3 og akstursþjónustu fatlaða í íbúakjarna þar.